

Hátíðarræða 17 júní 2023.

Góðir hátíðargestir.

Ég heiti Ragnheiður Sigurðardóttir og kem frá Hafnarfirði og hef búið þar meira og minna alla mína ævi. Það var því ekki auðvelt að taka þá ákvörðun að flytja til Grundarfjarðar, en samt var það alls ekki erfitt.

Ég vann áður með eldri borgara og kynntist því hvað þarf að vera til staðar þegar maður eldist, heilbrigðisþjónusta og önnur opinber þjónusta. Þetta hafði ég allt við hliðina á mér í Hafnarfirði. Ég kynntist Kristjáni árið 2013. Fyrsta heimsókn mín til hans (hann var búinn að koma oft áður til mín) var í byrjun febrúar, þegar ég kom á þorablót. Eftir það varð ekki aftur snúið.

Ég var á flakki milli Grundarfjarðar og Hafnarfjarðar í átta ár, og var því búin að kynnast mikið af fólki hér og var mér vel tekið í þetta samfélag. Ég flutti alkomin til Grundarfjarðar fyrsta desember 2020. Á þessum tímum var Kristján gjaldkeri Eldri Borgara í Grundarfirði, og þar sem makar voru yfirleitt með í stjórn, þá datt ég inn í stjórn eldri borgara mjög snemma, og tók svo við formennsku árið 2021.

Í dag starfa ég með yndislegu fólki, sem ber að þakka. Margt er brallað saman. Á veturna er stunduð leikfimi fyrir eldri borgara og gengur það vonum fram. Enda erum við með topp leiðbeinendur.

Á veturna eru handavinnutímar og opnir kaffítímar. Svo er karlakaffi, við höfum verið með kótelettukvöld og margt fleira. Farið er í ferðir og fórum við til dæmis til Færeyja í fyrra.

Við erum með rjómabollusölu fyrir fyrirtæki og alla aðra. Þetta er stærsta fjáröflunin okkar og vantar ekki hvað konurnar eru tilbúnar að hjálpa til og vera með í þessum bollubakstri, en þetta er fyrst og fremst til að hafa gaman saman.

Framundan er stutt sumarfrí. Svo förum við vonandi í haustlitaferð. Nokkur hópur ætlar saman til Kanarí í haust. Það er verið að undirbúa Ítalíuferð fyrir haustið 2024. Hægt væri að segja frá mörgu öðru. Til dæmis tókum við á móti eldri borgurum frá Ástjarnarkirkju og Langholtskirkju.

En lítil samfélög hafa líka ýmsa kosti, og ýmislegt upp á að bjóða. Þar sem stutt er á milli staða er auðvelt að kynnast og mynda tengsl á milli fólks.

Eldri borgarar eru stór hluti af okkar samfélagi, eins og annars staðar, og við megum ekki missa sjónir af því að þeir eru gríðarlega breiður hópur með misjafna getu og misjafnar þarfir. En þeir eru fyrst og fremst fólk. Það er gaman að geta þess að þeir sem yngri eru, eru að efla samstarf við okkur, til dæmis var okkur boðið að taka þátt í litahlaupi Grunnskólans, og að koma fram á þessum degi og í því íþróttastarfi sem stundað er hér á veturna. Eldri borgarar eru hvattir áfram og elfdir, en þó eftir sinni getu. Þess má geta að Eldri borgarar í Grundarfirði eru að taka þátt í landsmóti +50 ára, sem haldið verður í Stykkishólmi um næstu helgi, bæði í Boccia og öðrum einstaklingsgreinum. Mótið hefst föstudaginn 23 júní kl 9.30 með Boccia keppni, og væri gaman að sjá sem flesta í klapliðið.

Við megum samt aldrei missa sjónar af því, að til að verða öflugt samfélag fyrir alla aldurshópa, verðum við að styðja og styrkja hvert annað.

Munið að lífið er núna. Gleðilegt sumar. Takk fyrir mig.